



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 1. FUNDUR Á VORÖNN 2015 MIÐVIKUDAGINN 14.JANÚAR KL.12:35

### 1. Bréf o.fl. erindi.

#### A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

#### B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

##### Skert tímasókn/Árekstrar í töflu: (sjá minnisblað)

Nokkrir nemendur þurfa að taka tvo áfanga með skertri tímasókn vegna töflugerðar. Nöfn þessara nemenda verða send til viðkomandi kennara.

##### Mat á íþróttum:

##### Umsóknum um mat á íþróttum er vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

##### Undanfarabrot: (sjá minnisblað)

Einn nemandi óskar eftir að taka tvo áfanga samhliða. Fleiri nemendur þurfa að sækja um en hafa ekki enn gert. Þessum umsóknum er vísað til aðstoðarskólameistara til afgreiðslu.

### 2. Skólasókn

Skólameistari leggur fram breytingar á skólasóknarreglum sem felast í viðbót við 6.lið.(Fylgiskjal 1). Þetta er lagt fram til kynningar og tekið til afgreiðslu á næsta fundi skólaráðs.

### 3. Félagslíf og fjármál NFFG

Félagslíf nemenda er að komast á fullan skrið. Keppnislið skólans í Gettu betur sigraði andstæðing sinn í fyrstu umferð, nú er beðið eftir því hver andstæðingurinn verður í annarri umferð. Allmargir viðburðir verða á næstu vikum, undirbúningur að árhátíð skólans er þegar hafinn. Skíðaferð er áætluð 18.-20.mars.

### 4. Önnur mál

Skólameistari afhenti Stefnumrá FG til kynningar m.t.t.endurskoðunar. (Fylgiskjal 2). Rætt nánar á næsta fundi skólaráðs.

#### Fundinn sátu:

Elisabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara  
Kristinn Þorsteinsson skólameistari  
Magnús Bjarki Guðmundsson fulltrúi nemenda  
Snjólaug Elín Bjarnadóttir áfangastjóri

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Tómas Geir Howser Harðarson forseti NFFG  
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi